

Séð og heyrt – í leigubíl

BÆKUR

101 saga úr heimi íslenskra leigubílstjóra

TAXI

Ævar Örn Jósepsson safnaði sögunum saman. 237 bls. Almenna bókafélagið, 2002.

Svo virðist sem leigubílstjórar í Reykjavík lendi í ótrúlegustu uppákomum í starfi ef marka má nýja bók Ævars Arnar Jósepssonar. Þar hefur hann safnað reynslusögum rúmlega þrjátíu leigubílstjóra – aftast í bókinni er nafnalisti en níu vilja ekki láta nafns síns getið. Líf leigubílstjóra er skv. bókinni bæði einmanalegt og tilbreytingarlítið og útheimtir mikið umburðarlyndi og ómælda þolinmæði enda eru þeir í þeirri sérkennilegu aðstöðu að geta hvorki valið sér samferðamann né ráðið áfangastað. Oft heyra bílstjórnir allskonar leyndarmál og verð ósjaldan vitni að ýmsum myrkraverkum og skuggahliðum mannlífsins þegar þeir lenda í erfiðum viðskiptavinum á öllum tímum sólarhringsins; drukknu fólki og dónalegu, örvæntingarfullum einmana konum, unglingum á villigötum og kúnnum sem neita að borga bílinn. Leigubílstjórar verða stundum að taka að sér að hugga og leiðbeina farþegum sem eiga í vanda með einkalífið: „Þetta er kannski sá þáttur starfsins sem ég er hvað sáttastur við, sálfræðingshlutverkið. Vera sáli – gegn vægu gjaldi. [...] Ætli þetta sé ekki svolítið eins og hjá barþjónunum, fólk vantar bara hreinlega einhvern til að tala við og notar tækifærið þegar það býðst...“ segir einn bílstjórinn (45).

Sögurnar eru stuttar og stíllinn talmálslegur; þær hefjast á setningum eins og: „Ég sótti eitt sinn konu í vesturbæinn...“ og „Það er nú svo langt síðan þetta var, á þessum tíma var ég ennþá að keyra hjá Steindóri“. Það er eins og maður sitji í aftursætinu og hlusti á bílstjórana hvern af öðrum segja frá í kumpánlegum spjalltón. Í sumum sögunum segir frá stórviðburðum eins og morði í Reykjavík og heimsókn Borges til Íslands en aðrar greina frá litlum atvikum í gráma hvunnudagsins sem varpa ljósi jafnt á yfirstétt sem undirheima. Frásagnarhátturinn er hlutlaus og einlægur, það eru hvorki felldir dómar yfir fólki né predikað yfir því. Ekki eru sögurnar neitt sérlega myndnar. En fram kemur að miðaldra hjón á heimleið eftir ball á Sögu séu oft leiðinlegustu viðskiptavinirnir og verri við að eiga en rónar og dópsalar.

Leigubílar koma sterkir inn sem umgjörð eða rammi ýmissa atburða í skáldskap og veruleika. Dönsku Taxa-þættirnir nutu mikilla vinsælda hér á landi og á Skjá einum fer einn spjallþátturinn fram í leigubíll. Það er umhugsunarvert að í Taxa skuli enginn bílstjóri vilja leggja nafn sitt við sögurnar. Óttast þeir e.t.v. aðför, lögsókn eða líkamsmeiðingar? Stundum hafa þeir víst átt líf sitt að verja. Hvað sem því líður eru leigubílasögurnar sæmileg afþreying – eins konar mannlífsbrot samtímans í baksýnispegli.

Steinunn Inga Óttarsdóttir